

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

1. gr.

Skaftárhreppur annast um eða býður út alla sorphreinsun í Skaftárhreppi, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Markmið með samþykkt þessari er að allur úrgangur verði flokkaður þar sem hann verður til á heimilum og hjá fyrirtækjum og stofnunum.

I. KAFLI

Hreinsun á flokkuðu sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Hverju heimili í Skaftárhreppi er skylt að flokka allan úrgang í þrjá grunnflokka; lífrænan úrgang, brennanlegan úrgang og óbrennanlegan úrgang. Leggja skal hverri íbúð til eftirtalinn búnað vegna flokkunar á úrgangi:

Skaftárhreppur skal leggja til flokkunarfötu/fötur í eldhússkáp ef óskað er eftir, Skaftárhreppur/verktaki skal leggja til tvær sorptunnur af viðurkenndri gerð, annars vegar undir brennanlegan úrgang og hins vegar undir óbrennanlegan úrgang.

Á Kirkjubæjarklaustri skal Skaftárhreppur/verktaki leggja til ílát til geymslu á lífrænum úrgangi utan dýra, ef viðkomandi íbúar óska eftir að lífrænn úrgangur verði fjarlægður og jarðgerður á miðlægum stað. Ef viðkomandi íbúar óska eftir skulu þeir eiga kost á að kaupa niðurgreidda jarðgerðarkassa sem Skaftárhreppur útvegar til heimajarðgerðar.

Íbúar utan Kirkjubæjarklausturs skulu jarðgera heima allan lífrænan úrgang og skulu þeir eiga þess kost að kaupa til þess niðurgreidda jarðgerðarkassa sem Skaftárhreppur útvegar.

Öllum íbúum skal veitt fræðsla um flokkun á úrgangi og heimajarðgerð samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Húseigendur skulu sjálfir sjá um frágang á sorplátum. Sorptunnur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumann/verktaka og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Sorphirðumaður/verktaki annast hreinsun á heimilissorpi í pokum eða sorptunnum, einnig á tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem pappambúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum eða tunnum, enda séu hlutir þessir auðveldir í meðförum fyrir einn mann. Pappakassa þarf að brjóta saman þannig að sem minnst fari fyrir þeim. Ekki skal staðsetja óviðkomandi hluti nálægt sorplátum.

4. gr.

Í sorptunnur/poka má einungis setja flokkað heimilissorp samkvæmt reglum sveitarstjórnar. Glerbrot og aðrir oddhvassir hlutir skulu settir í óbrennanlegt sorp og skal þeim pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Öll spilliefni skulu flokkuð frá og þeim komið í spilliefnamóttöku Skaftárhrepps á auglýstum opnunartímum. Ef plastpokar eru notaðir mega þeir ekki vera þungri en að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætt á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðvelt sé að loka þeim. Sorphirðumanni/verktaka er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætt sé á að þeir rifni í flutningi.

5. gr.

Í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri fer hreinsun á brennanlegu sorpi og lífrænum úrgangi, ef hann er ekki jarðgerður heima; að jafnaði fram einu sinni í viku. Óbrennanlegur úrgangur verður hreinsaður með reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Sorphirðumaður/verktaki afhendir sorppoka, ef þeir eru í notkun, í stað þeirra sem hann tekur. Sorphirðumaður/verktaki tæmir söfnunarlát með lífrænum úrgangi en húseigandi sér um að þrifa ílátið og/eða setja í það mátulegan plastpoka.

Í dreifbýli Skaftárhrepps fer hreinsun á brennanlegum úrgangi fram að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Óbrennanlegur úrgangur verður hreinsaður með reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Sorphirðumaður/verktaki afhendir sorppoka, ef þeir eru í notkun, í stað þeirra sem hann tekur.

Húsráðendur í dreifbýli skulu sjá um að jarðgera lífrænan úrgang heima, þar sem hann verður til. Sumarhúsaeygendum er skylt að sjá svo um að úrgangur sé flokkaður samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps og útvega sér viðeigandi búnað.

Við skipulögð sumarhúsasvæði og helstu dvalarstaði ferðamanna í Skaftárhreppi skal Skaftárhreppur/verktaki staðsetja, og tæma reglulega, sorpílát sem henta fyrir flokkun úrgangs í grunnflokka, samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps.

6. gr.

Skaftárhreppur er aðili að byggðasamlaginu Hulu ásamt Mýrdalshreppi og Eyjafjalla-hreppum. Hula bs. sér um eða býður út rekstur á löggiltum urðunarstað á Skógasandi. Urðunarstaðurinn er opin samkvæmt ákvörðun stjórnar Hulu bs.

Skaftárhreppur sér um eða býður út rekstur á takmörkuðum urðunarstað á Stjórnarsandi fyrir sláturúrgang, seyru, byggingaúrgang og fl.

Skaftárhreppur sér um eða býður út rekstur á móttökustað fyrir flokkaðan úrgang sem fellur utan almennrar sorphirðu, s.s. brotajárn og fl.

Urðunar- og móttökustaðurinn skal vera opin á auglýstum tíma, í viku hverri, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Þeir sem losa flokkaðan úrgang á móttökustað, eða brotajárn, skulu annast flutning á eigin kostnað.

II. KAFLI

Hreinsun á flokkuðu sorpi vegna atvinnustarfsemi.

7. gr.

Aðilum sem hafa með höndum hvers konar atvinnustarfsemi er skylt að flokka úrgang samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps.

Aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur í 5. gr. þessarar samþykktar ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu í samræmi við samþykktir Skaftárhrepps.

Allur flutningur á vegum einstaklinga og fyrirtækja á urðunar- og móttökustað (gáma-völl) Skaftárhrepps skal framkvæmdur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps á auglýstum opnunartíma.

Aðilar sem hafa með höndum atvinnustarfsemi skulu sjá sér fyrir viðeigandi búnaði sem hentar til grunnflokunar á úrgangi samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps. Hafa skal samráð við sorphirðumann/verktaka um gerð búnaðar vegna flokkunar og sorphirðu.

Öll spilliefni skulu flokkuð frá öðrum úrgangi og þeim komið í spilliefnamóttöku Skaftárhrepps á auglýstum opnunartíma.

Skaftárhreppur/verktaki tekur við lífrænum úrgangi af fyrirtækjun og stofnunun til jarðgerðar á miðlægum stað, um leið og önnur sorphirða fer fram.

Ferðaþjónustuaðilar eða önnur fyrirtæki sem eru með starfsemi á afréttum eða hálendi Skaftárhrepps skulu sjá svo um að úrgangur sé flokkaður í grunnflokka samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps og einnig sjá um flutning til byggða á móttökustað á eigin kostnað. Seyra úr rotþróum skal með sama hætti einnig flutt til urðunar á viðurkenndum urðunarstað á Stjórnarsandi.

III. KAFLI

Sorpeyðingar- og sorphirðugjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Almenn sorphirða á flokkuðu heimilissorpi sbr. 5. gr. þessarar samþykktar greiðist af sveitarsjóði Skaftárhrepps, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sorpeyðingar- og sorphirðugjald eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Sveitarstjórn er heimilt að miða sorphirðugjald við magn þess brennanlega úrgangs sem til fellur frá hverju heimili.

Sveitarstjórn ákveður sorpeyðingar- og sorphirðugjald í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir og auglýst skal í B-deild Stjórnartíðinda. Sorpgjöld skulu lögð á með fasteignagjöldum og innheimt með þeim. Sorpgjöld verði aldrei hærri en sameiginlegur kostnaður við sorphirðu.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til starfsmanna sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefndar Suðurlands.

10. gr.

Brjótí húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skal sorphirðumaður/verktaki tilkynna það til skrifstofu Skaftárhrepps, sem skora skal á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma er sorphirðumaður/verktaki ekki skyldugur til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um brot á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að ræða skal skrifstofa Skaftárhrepps tilkynna það heilbrigðisnefnd Suðurlands, sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

11. gr.

Sorphirðumanni/verktaka ber að haga störfum sínum á þann hátt að það valdi húseigendum sem minnstum óþægindum. Þeim er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála og í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI

13. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Skaftárhrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 11. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.